

Úrskurður 10/2007.

Kærð er niðurstaða tollstjóra sem birt var í “Bindandi upplýsingum um tollflokkun vöru”. Deilt er um tollflokkun á öryggisflík ætlaðri vélhjólamönnum. Heiti jakkans er "Hit Air" . Ríkistollanefnd staðfesti tollflokkun tollstjóra.

Með bréfi, dags. 4. des. 2007, sem barst til nefndarinnar 5. s.m. kærir T., tollflokkun tollstjóra á “Flík ætluð fólk við akstur vélhjóla.” Kærandi óskaði eftir Bindandi upplýsingum um tollflokkun vörunnar hjá tollstjóra. Í svari tollstjórans sem fram kom í “Bindandi upplýsingum um tollflokkun vöru” nr. 116/2007, dags. 28. nóvember 2007, tollflokkar tollstjóri vöruna í tnr. 6201.9300 með vísan til almennra reglna um túlkun tollskrár nr. 1 og 6, sbr. athugasemd 8 við 62. kafla tollskrár. Kærandi fer fram á að niðurstöðu tollstjóra verði hrundið og gerir kröfu í kærnu sinni til nefndarinnar um að varan verði tollflokkuð í tnr. 6211.4301. Á umsókn sinni til tollstjóra hafði kærandi talið að flokka ætti vöruna í tnr. 6307.2000.

Í lýsingu á vörunni í umsókn kæranda til tollstjóra segir m.a.: “Jakki þessi er nýjung í öryggisbúnaði fyrir mótorhjólafólk. Jakkin inniheldur loftpúða sem blæs út þegar ökumaður kastast af hjólinu og ver fyrir höggi á mænu, mjöðmum, hálsi, mjóbaki og brjóstakassa. Hann er framleiddur í Japan og úr gerviefnum. Rannsóknir framleiðanda á þessum búnaði benda til að hann geti dregið úr höggi sem ökumaður verður fyrir um allt að 80%.”

Í kröfum kæranda segir að þessi búnaður sé ekki ætlaður til annarrar notkunar en við akstur vélhjóla. Kærandi fer fram á að varan verði tollflokkuð í tnr. 6211.4301 sem björgunargalli. Hann telur að sá tollflokkur falli undir athugasemd 8 við 62. kafla tollskrár líkt og 6201.9300. Þá telur hann að þegar vísað sé til reglna um túlkun tollskrár nr. 1 og 6 í svari tollstjóra eigi að tollflokka hana sem slíka því að varan sé ætluð til verndar og björgunar vélhjólafólki.

Ríkistollanefnd sendi kærana til umsagnar til tollstjórans í Reykjavík með bréfi, dags. 5. desember 2007. Embættinu var veittur frestur til að svara til 20. s.m. Í svari sem barst nefndinni þann 18. des. 2007 segir m.a. að ytra byrði í umræddum jakka sé úr polyester og innra byrði úr næloni (polyamid). Þá sé fóðrið úr polyester. Jakkin sé með loftpúða á bakhlutanum sem blæs út ef ökumaður kastast af hjólinu og ver ökumann fyrir höggi á hrygg, hálsi og brjóstakassa. Þá sé jakkin styrktur á öxlum og olnbogum. Sýnishorn sem hafi verið framvísað hafi verið hneppt á þann veg að varan hafi verið ætluð karlmönnum, sbr. aths. 8 við kafla 62. Tollstjóri telur það gefa auga leið að vöru þessari sé nánast lýst í vörulið 6201 og vöruliður 6211 eigi ekki við. Þó að rökstyðja megi að um öryggisfatnað sé að ræða, þá hafi ekki verið gert ráð fyrir því í skiptingum við vörulið 6201. Undirliður sé valinn með tilliti til úr hvaða efnun varan sé.

Tollstjóri gerir kröfu um að hið kærða álit verði staðfest með vísan í túlkunarreglur tollskrár nr. 1 og 6 svo og aths. 8 við 62. kafla tollskrár.

Kæranda var send greinargerð tollstjóra til umsagnar með bréfi, dags. 18. des 2007. Var honum veittur frestur til 30. desember s.á. til að skila inn umsögn um greinargerðina til nefndarinnar. Kærandi sendi nefndinni ekki athugasemdir við greinargerð tollstjóra.

Ríkistollanefnd hefur haldið fundi um málið og nefndarmenn hafa kynnt sér þau gögn sem lögð hafa verið fram. Kærandi kærir niðurstöðu “Bindandi álits um tollflokkun vöru” nr.116/2007 á jakka ætluðum vélhjólafólki. Tollstjóri flokkar vöruna í tnr. 6201.9300. Kærandi gerir kröfu um að varan verði flokkuð í tnr. 6211.4301 sem björgunargalli.

Nefndarmenn hafa aflað sér upplýsinga af heimasíðu framleiðanda vörunnar. Þar kemur m.a. fram að vara sú sem hér er til umfjöllunar er mittisjakki ætlaður vélhjólafólki. Framleiðsluheiti hans er "Hit Air" og er hann framleiddur af japanska fyrirtækinu Mugen Denko Ltd. Inn í jakkan eru saumaðir loftpúðar og lofthylki. Þegar vélhjólamaðurinn sest á hjólið festir hann ól úr jakkanum við það. Ólin er tengd við lofthylkið. Falli vélhjólamaðurinn af hjólinu á ferð þá kippir í ólina sem opnar fyrir lofthylkið sem á sekúndubroti blæs upp loftpúðana í jakkanum. Þessi flík er að sögn framleiðanda gerð til að vernda ökumanninn og á að draga úr höggi á líkama hans. Allt að 25 kg. átak þarf til að virkja búnaðinn.

Ríkistollanefnd hefur farið yfir gögn málsins og er sammála tollflokkun tollstjóra um að tollflokka beri umrædda vöru í tnr. 6201.9300 með vísan til 1. og 6. gr. reglna um túlkun tollskrár og með hliðsjón af þeim gögnum sem lögð hafa verið fram. Það er því álit ríkistollanefndar að vörunni sé nánast lýst í tnr. 6201.9300. Ríkistollanefnd úrskurðar með vísan til 1. mgr. 118. gr. tollalaga nr. 88/2005 að hin kærða niðurstaða í "Bindandi upplýsingar um tollflokkun vöru" nr. 116/2007, dagsett 28. nóvember 2007, er staðfest.